

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1626
komudagurinn 26.4.2005

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði. Sími: 450 3000. Fax: 450 3005. GSM: 8920002 Tölvupóstfang: fsv@snerpa.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafirði, 26 apríl 2005.

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008. Mál 721.

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga gerði samþykkt um samgönguáætlun 2005 – 2008 á fundi sínum þann 15. apríl s.l.. Samþykktin var send ríkisstjórn og síðan alþingismönnum í tölvupósti. Hún er hér kynnt samgöngunefnd Alþingis sem hluti umsagnar Fjórðungssambandsins um samgönguáætlun 2005-2008. Önnur gögn sem send eru samgöngunefnd vegna umsagnar um samgönguáætlun er endurskoðuð samgönguáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga frá árinu 2004 sem samþykkt var sama ár af 49. Fjórðungsþingi Vestfirðinga.

Ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgönguáætlun 2005-2008. Samþykkt á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 15. apríl s.l.

Samstaða er meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum um samgöngumál á Vestfjörðum og birtist hún í samþykkt 49. Fjórðungsþings Vestfirðinga frá september 2004 um samgönguáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að samgönguáætlun sambandsins gangi eftir og lýsir jafnframt yfir miklum áhyggjum af áhrifum samgönguáætlunar stjórnvalda fyrir árin 2005-2008 á efnahagslíf á Vestfjörðum. Samgönguáætlun endurspeglar efnahagsstefnu stjórnvalda, sem er að draga úr þenslu í ríkisfjármálum vegna stórframkvæmda sem stjórnvöld hafa komið að í öðrum landshlutum. Seinkun framkvæmda sem af þessu leiðir er hinsvegar á skjön við áætlun stjórnvalda um uppbyggingu Vestfjarða og birtist í nýlegri skýrslu um Vaxtarsamning fyrir Vestfirði.

Spár hafa gott betur gengið eftir um hækkun gengis íslensku krónunnar og þeim erfiðleikum sem það veldur útflutningsatvinnuvegum. Undirstaða atvinnulífs á Vestfjörðum eru útflutningsgreinar;

sjávarútvegur, iðnaður og nú í vaxandi mæli ferðaþjónusta. Þensla í öðrum atvinnugreinum líkt og hefur gerst mjög víða um land hefur ekki náð til svæðisins. Því eru Vestfirðingar að taka verulega á sig þessa uppbyggingu sem nú á sér stað í öðrum landshlutum.

Á sama tíma eiga sér einnig stað breytingar í þungflutningum af sjó og á land. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir í endurbótum á vegakerfi Vestfjarða eru enn eftir mislangir vegakaflar með óbundnu slitlagi, sem eru um leið ekki reiknaðir fyrir slíka aukningu þungaflutninga. Þessi kaflar eru nú flöskuhálsar í landflutningum og hafa nú þegar valdið hækkingu flutningskostnaðar, sem kemur til viðbótar þeim efnahagsáhrifum sem áður er lýst.

Engin annar landshluti býr við þessar aðstæður og það er því sanngjörn krafa í forgangsröðun í samgönguáætlun að verkefni þar séu sett í forgang annarra framkvæmda. Með þeim hætti er að hluta brugðist við samdrætti í efnahagslífi á Vestfjörðum á uppgangstímum í öðrum landshlutum, bætt samkeppnisstöðu útflutningsfyrirtækja og er í takt við stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu svæðisins.

Samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) leggur hér megináherslu á landsamgöngur í samþykkt sinni enda hafa forsendur þar breyst einna hraðast á síðustu misserum. FV tekur undir þau markmið samgönguáætlunar að samþætta samgöngukerfið og hafa langtímaáætlun í þeim efnunum. Ákvarðanir á síðustu áratugum sem ekki hafa horft til samþættingar samgöngukerfis hafa á stundum haft i för með sér óþarfa eyðslu á opinberu fé.

Siglingamálaáætlun

Varðandi samgöngur á sjó þá er það mat FV að samgönguáætlun 2005-2008 megi teljast viðunandi. Fyrir sjávarútveg á Vestfjörðum er mikilvægi hafnarframkvæmda augljóst og nauðsynlegt að stjórnvöld leitist við að fylgja eftir óskum sveitarfélaga í þeim efnunum. Víða er nú í gangi stór viðhaldsverkefni m.a. vegna endurnýjunar viðlegukanta og stálþilja, auk þess sem svara þarf kröfum vegna stækkunar skipa almennt. Hér er rétt er að fagna því markmiðið samgönguáætlunar 2005-2008 varðandi stækkun hafnarinnar á Bíldudal vegna nýtingar kalkþörungasetlaga sem hefur til þessa verið ónýtt auðlind við Íslandsstrendur. Ekki þarf að orðlengja mikilvægi þessa fyrir atvinnulíf í Vestur Barðastrandasýslu og bættum samgöngum mun áhrif hennar einnig ná til norðanverðra Vestfjarða. Hér er einnig rétt að benda á áhrif samgangna á hugsanlegt samstarf kalkþörungavinnslu við Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum m.a. vegna vöruþróunar í fóðurgerð o.fl.. Í hnotskurn má segja að þrátt fyrir þróun sjóflutninga hér innanlands nú síðustu misseri má sú þróun ekki takamarka möguleika nýrra verkefni fyrir útflutningshafnir og þróun í sjávarútvegi almennt.

Flugáætlun

Varðandi samgöngur í lofti þá er það mat FV að samgönguáætlun 2005-2008 taki á mikilvægustu verkefnum. Fyrir norðanverða Vestfirði er lenging flugbrautar á Þingeyri sem þverbraut á Ísafjarðarflugvöll, mikilvæg til að bæta flugsamgöngur, sérstaklega að vetrarlagi. Bætt tíðni í áætlunarflugi styrkir og eykur möguleika í þróun á ferðaþjónustu. Rétt er hér að benda á fjölgun flugfarþega um Ísafjarðarflugvöll/Þingeyri á síðustu þremur árum. Þetta er einnig mikilvægur þáttur í uppbyggingu byggðakjarna á Ísafirði, vegna viðskipta, þjónustu, rannsókna og menntunar jafnt á háskóla- sem og framhaldsskólastigi. Aðrir áætlunarflugvellir eru Bildudalsflugvöllur og Gjögurflugvöllur, undirstrika þarf mikilvægi þeirra fyrir samgöngur þeirra svæða sem þeir þjóna og fjármagn þarf að vera tryggt til þess að svara þörfum á endurbótum. Hér einnig rétt að taka undir markmið samgönguáætlunar um viðhald á flugbrautum og aðflugstækjum annarra flugvalla en hér hafa verið tilgreindir. Vægi þessar flugvalla vegna öryggissjónarmiða er mikið s.s. á Hólmarvík, Reykhólum og Patreksfirði. Rétt er að minna á að verulegir framtíðarmöguleikar geta verið fólgnir í ferðaþjónustu um Patreksfjarðarflugvöll.

Vegaáætlun

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir verulegar athugasemdir við vegaáætlun. Góðar samgöngur eru grundvöllur þess að atvinnulíf og byggð blómstri á Vestfjörðum. Fjórðungurinn er sá landshluti sem hefur rekið lestina á landsvísu í flestu sem varðar uppbyggingu vegakerfisins. Ástæðurnar felast m.a. í því að Vestfirðir einkennast öðru fremur af því hve vogskornir og hálendir þeir eru og er því vegagerð í fjórðungnum erfið og kostnaðarsöm. Greiðar samgöngur á landi eru þó í ört vaxandi mæli forsenda þess að mannlíf dafni í byggðum fjórðungsins og atvinnuvegir á Vestfjörðum standist harðnandi samkeppni á markaði.

Stórir áfangar hafa náðst á síðustu tíu árum í vegagerð á Vestfjörðum og það er því erfitt að horfa fram til þess seinkað sé endurbótum á þeirra vegakafli sem eftir standa. En staðreyndin er sú að ástand eldri stofnvega í Vestfjörðum er farið að vinna gegn þeim atvinnugreinum í fjórðungnum sem eiga mikið undir landflutningum.

Vestfirskir sveitarstjórnarmenn hafa samþykkt stefnumótun í samgöngumálum sem samþykkt var á Fjórðungshringi 1997 og endurskoðuð 2004. Í þeirri stefnumótun var lögð mikil áhersla á:

- Að þéttbýliskjarnar á Vestfjörðum yrðu tengdir með bundnu slitlagi,
- Að tryggja öryggi vegfaraenda með fullnægjandi viðhaldi á þeim stofnvegum í fjórðungnum sem ekki hafa ekki enn verið byggðir upp.
- Að leggja Tröllatunguveg (um Arnkötludal og Gautsdal)
- Að fjárveitingar verði verulega auknar til stórverkefna á Djúpvegi og Vestfjarðarvegi miðað við núgildandi samgönguáætlun.
- Að tengja Dýrafjörð og Vatnsfjörð í einni framkvæmd með jarðgöngum.

Fyrirliggjandi vegaáætlun uppfyllir engan veginn þær væntingar sem atvinnulíf á Vestfjörðum sem og allir Vestfirðingar gerðu til næstu samgönguáætlunar.

Það er ósk vestfirskra sveitarstjórnarmanna að sú stefnumótun í samgöngumálum sem mörkuð hefur verið á Fjórðungspingum, eigi einnig heima í samgönguáætlun ríkistjórnarinnar. Þessum atriðum til stuðnings er rétt að ítreka eftirfarandi atriði;

Nýting auðlinda Vestfjarða

Mestur vöxtur er um þessar mundir í ferskum matvörum á markaðu í Evrópu og Bandaríkjunum. Þessu verður ekki svarað nema með flutningum með flugi og bættum landsamgöngum að flugvelli. Það er því nauðsyn fyrir íslenskt efnahagslíf að flutningar til og frá Vestfjörðum gangi því sem greiðast. Þar er stutt á fiskimið og góðar væntingar eru í fjörðum Vestfjarða muni sjókvíaeldi stóreflast á komandi árum.

Aukning í fjölda erlendra ferðamanna til landsins, spáð er að hálfu Samtaka aðila í ferðaþjónustu (SAF) að þeir verði 600 þúsund árið 2010. Unnið er markvisst í því að markaðssetja Vestfirði innan ferðaþjónustunnar sem eina heild. Byggt er á sérstæðri náttúru, menningu og hinni landfræðilega afmörkun Vestfjarða. Hér má segja fyrir markaðssetning á Íslandi sem áhugaverðs áfangastaðar geti eflst mjög með endurbættum hringveg um Vestfirði. Ekki er heldur að efa að sá fjöldi Íslendinga sem sjaldan eða aldrei hafi komið til Vestfjarða muni nýta tækifærið til að taka upp kynni við þennan hluta landsins, óháð hvern gerðar ökutækið er.

Samkeppnisstaða atvinnulífs.

Stærstu fyrirtækin á Vestfjörðum eru í sjávarútvegi og eru þar af leiðandi í samkeppnisumhverfi sem nær til alls heimsins. Fyrirtækin selja vörur sínar til útflutnings og eru þar af leiðandi háð því að samgöngur séu í lagi. Á öllum vegum út frá Vestfjörðum eru vegakaflar sem ekki hefur verið átt við allt frá sjöunda eða áttunda áratugnum. Þessi kaflar eru nú flöskuhálsar í vegakerfinu vegna þungatakmarkanna, sem gera það að verkum að dýrara verður að reka þau flutningstæki sem um þá fara. Aukin kostnaður flutningsfyrirtækja veldur því að dýrara verður að flytja vörur til og frá Vestfjörðum. Eftir því vegirnir eru lélegri því hærri er flutningskostnaðurinn. Sá kostnaður leggst á vestfirskt atvinnulíf og skekkir samkeppnisstöðuna allverulega.

Öryggismál.

Þungaflutningar hafa stórauðist á síðustu árum og er vegakerfið í fjórðungnum ekki til þess fallið að taka á móti þessum aukna þunga og aukinni umferð. Slysahætta hefur aukist með aukinni umferð. Fram kemur í tölum frá Umferðarstofu að frá árinu 1998 til ársins 2004 fjölgaði umferðarslysum í fjórðungnum um tæp 83% á sama tíma og slysum á landinu öllu fjölgaði um 41% og í Reykjavík um 37%.


Endurskoðun aðferða við gjaldtöku, mat á samgöngukerfum o.fl.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðing telur mikilvægt að áður en farið verði af stað með breytingar á aðferðum við gjaldtöku í vegakerfinu, að skoðað verði til hlítar áhrif þessara breytinga á atvinnulíf og íbúa. Stjórnvöld mega ekki eingöngu horfa til eigin tekjustofna og þróun þeirra, heldur skoða einnig áhrif þeirra á skattheimtu í heild og kostnað við kerfisbreytingar almennt. Eins og nú virðist vera gerast við breytingar á olíugjaldi, þar sem kostnaði er velt yfir á neytendur. Jafnframt verður að horfa til

Þess að ávinningur sé fyrir einstaklinga og fyrirtæki að hagræða í rekstri samgöngutækja, sem getur einnig verið þáttur í minnkun á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Gjalda verður einnig varhug við að kerfisbreytingar geti leitt til aukinnar gagnasöfnunar og eða eftirlits hins opinbera um persónuhagi einstaklinga.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur mikilvægt að stöðugt sé í þróun aðferðarfræði við mat á samgöngukerfum. En gæta verður að aðstæðum íbúa landsins gagnavart samgöngum sem eru mjög mismunandi í dag. Við mótun á aðferðarfræði er því nauðsynlegt að horft sé til viðhorfa og samþykktasveitarfélaga og samtaka þeirra.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson
Framkvæmdastjóri

Ályktun um samgöngumál.

Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Ísafirði 3. og 4. september 2004 samþykkir þá stefnumótun í samgöngumálum sem fram er sett í skýrslu starfshóps Fjórðungssambands Vestfirðinga, Samgöngur á Vestfjörðum dags. 30. júní 2004, og lögð var fyrir þingið. Nær skýrslan til allra samgöngubátta þ.e. flugs, fjarskipta, hafna og vega.

Fjórðungsþingið bendir á þá staðreynd að þungaflutningar á vegum hafa aukist í réttu hlutfalli við samdrátt í sjóflutningum. Sú þróun leiðir af sér meira slit á vegum ásamt því að umferðaröryggismál þarf að skoða sérstaklega með tilliti til aukinnar umferðar stórra ökutækja. Vestfirðir fara ekki varhluta af þessari þróun og því beinir Fjórðungsþingið því til stjórnvalda að sérstaklega verði horft til þessara breytinga þegar vegafé er ákvarðað.

Jafnframt leggur Fjórðungsþingið á það þunga áherslu að fjárveitingar til vegaframkvæmda á Vestfjörðum verði stórlega auknar frá því sem verið hefur. Mikið hefur áunnist í vegabótum á allra síðustu árum en ljóst er að miðað við það vegafé sem nú er á samgönguáætlun mun það taka áratugi að koma vegakerfi á Vestfjörðum í viðunandi horf. Er fjórðungurinn þar eftirbátur flestra annarra landshluta. Fjórðungsþingið telur aukið vegafé til fjórðungsins vera eðlilegt mótvægi við þá miklu uppbyggingu sem staðið hefur um árabíl á suðvesturhorni landsins og er nú hafin á Austurlandi.

Fjórðungsþingið leggur ríka áherslu á að þingmenn Norðvesturkjördæmis fylgi eftir þeirri stefnu í samgöngumálum Vestfjarða sem vestfirskir sveitarstjórnarmenn hafa markað og sú stefnumótun verði grunnur að endurskoðun samgönguáætlunar Alþingis á komandi hausti. Þingið skorar á stjórnvöld að beina auknum fjármunum til uppbyggingar samgöngumannvirkja á Vestfjörðum.

Lagt fram af Fjórðungsmálanefnd

Ásdís Auðunsdóttir

Ásíaug Jóhanna Jensdóttir

Björgvin Sigurjónsson

Einar Pétursson

Einar Örn Thorlacius

Elfa Björk Bragadóttir

Geir Gestsson

Guðjón A. Kristjánsson

Guðjón Kjartansson

Guðmundur Guðlaugsson

Guðmundur Sævar Guðjónsson

Guðni Geir Jóhannesson

Jónas Guðmundsson

Magnús Reynir Guðmundsson

Margrét Bjarnadóttir

Már Erlingsson

Ómar Jónsson

Ragnheiður Hákonardóttir

Sigurður Jónsson

Sonja Jónsdóttir

Sunna Einarsdóttir

Þórólfur Halldórsson

Þuríður G. Ingimundardóttir

Framsögumaður: Þuríður Ingimundardóttir